



Alþýðusamband Íslands

Ályktun um verðlagsmál

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun verðlags. Verðbólgan mælist nú 8,5% á ársgrundvelli sem er með öllu óásættanlegt. Ekki er að sjá að styrking krónunnar á liðnum mánuðum sé að skila sér til almennings.

Síðustu fjóra mánuði hefur krónan t.d. styrkst um 5% en ekkert í mælingum Hagstofnunnar gefur til kynna að sú styrking sé að skila sér í lækkuðu innflutningsverðlagi. Þá hafa athuganir ASÍ sýnt að verðlagsáhrif vegna falls krónunnar eru þegar komin fram.

Það með öllu óásættanlegt að fyrirtæki nýti sér þessa stöðu og hækki álagningu sína í þeim miklu þrengingum sem nú ganga yfir. Eigi sátt að ríkja í þjóðfélaginu verða allir að axla hluta af byrðunum. Velti fyrirtækin vanda sínum þannig yfir á almenning mun það einungis leiða af sér hækkaðar launakröfur til að bæta upp skertan kaupmátt. Miðstjórn ASÍ skorar á fyrirtækin að gæta hófs og draga úr álagningu og á opinbera aðila að afturkalla hækkanir á sinni þjónustu.